

Landslag, upplifun og ferðavaran

Texti með kynningu

Þessi kynning er framhald kynningar sem haldin var á Hugvísindapingi Háskóla Íslands um miðjan mars sl. Á málstofu sem bar titilinn *Iceland – Niceland – Disneyland: Frá verufræði til verkefna í ferðapjónustu*, var ég með erindi sem fjallaði um markaðsvirði landslags og skaut ég spurningarmerki aftan við. Tvennt varð til umhugsunar þar, sem ég vil eltast við hér. Annarsvegar hugtakið froða, sem ég ætla þá að útlista nánar hér á eftir, og hinsvegar hugmyndin um ferðapjónustu sem ylrækt, sem er aftur orðin yfirskrift okkar málstofu hér.

Það sem á eftir kemur byggir á tveimur fræðingum fyrst og fremst. Annarsvegar er það kúlufræði (sem ég kalla svo) hins þýska heimspekings Peter Sloterdijk, sem byggir á þriggja binda stórvirki hans frá árunum 1998, 1999 og 2004. Hinsvegar er það ástralska fræðakonan Elizabeth Grosz og þá helst nýlegar bækur hennar um lífið, listina og jörðina. (KLIKK) En allt þetta vil ég ramma inn um hugtakið landslag, enda það sem við teljum til landslags, það er einhvers svæðis sem veldur okkur hughrifum, er þegar hið ósýnilega verður okkur sýnilegt.

(KILIKK) Landslag þýðir svæði sem ber það með sér í skynjun fólks að vera til orðið af náttúrunnar hendi og/eða með mannlegri íhlutun. Þessi skilgreining, sem byggir á evrópska landslagssáttmálanum og starfshópur Hvítbókar leggur til að verði grundvöllur í skilgreiningu náttúruverndarlaga, leggur áherslu á skynjun og athafnir, að gera og verða. Eða (KLIKK) eins og Grosz bendir okkur á,

Edward H. Huijbens

Þá er verðandi lífsins eyðilegging efnisins og áskorun lífsins er því ávallt áskorun hönnunar, það er þess að gera.

Það er nauðsynlegt að setja þessa tvo fræðinga í ofurlítið sögulegt ljós. Í dag takast á tvö sjónarmið, gróft sagt, um skilning okkar á því sem umhverfis okkur er. (KLIKK) Annarsvegar er það sem kalla má leitina að tilgang og samsömun. Hér er mynd sem Vermeer málaði og kallar landfræðinginn. Úr einbeittu augnaráði og hvernig hann veldur hringfaranum má sjá viðleitni í að ná fullkominni samsvörun þess sem hann sér útum gluggann og þess sem hann vill ná á blaðið. Hann leitar af ákefð eftir æðsta lögmáli samsemdarinnar, hins sama, einingarinnar, verunnar, frumeintaksins, miðjunnar, hins eilífa mælikvarða. Landfræðingur Vermeer er vísindamaður upplýsingar, rómantískrar hugsunar þess efnis að samsemd er ekki lengur að finna í órannsakanlegum vegum Guðs. Þá er nú hægt að rannsaka og öðlast fullkomna þekkingu. (KLIKK) Í landslagsrannsóknum sjáum við þessa hugsun í áherslum Hvítbókar um löggjöf til verndar íslenskri náttúru. Þar segir að:

Rannsóknir á íslensku landslagi sem og verndun þess er stutt á veg komin og skipulagðar verndaraðgerðir þyrftu að byggja á tvenns konar rannsóknum. Annars vegar þarf að ljúka vinnu þeirri sem hófst með Íslenska [svo] landslagsverkefninu svo fá megi heildaryfirlit um sjónræn einkenni, sérstöðu og flokkun landslags á landinu öllu. Í öðru lagi þarf að leggja mat á hin óhlutbundnu verðmæti sem í íslensku landslagi felast, fagurfræðilegt, upplifunar- og tilfinningalegt gildi þess.

Edward H. Huijbens

Að lista, telja upp skrásetja og flokka, til að fá heildaryfirlit og svo búa líka til ramma um það sem teljast hin óhlutbundnu verðmæti. Hér kemur að hinu sjónarmiðinu. Hvað eru hin óhlutbundnu verðmæti.

Mannveran er ekki aðeins hér og nú, fast sjónarhorn punktmælinga á skrásetjanlegum sjónrænum eiginleikum. Við erum alls staðar og alltaf; samofin mörgum tímum og margs konar rýmum. Þannig er vera okkar hér eða á hverjum þeim stað sem við erum hverju sinni um leið að vera hvergi, hér og þar og alls staðar, eitt með öllum heiminum og öllu sem í honum er. „Allt er falið í öllu öðru“, sagði þýski heimspekingurinn Gottfried W. Leibniz seint á 17. öld. Það sem þetta þýðir er að fullkomin þekking á viðfangi er ómöguleg. Þessi barokk hugsun hins óendanlega flúrs óx samhliða rómantískri leit að samsemd, án Guðs.

Ég vil vera aðeins barokk. Við náum aldrei fullkomnu sambandi við umhverfi okkar, sjálf okkur eða hvað það sem við teljum upprunalegt eða náttúrulegt. Ekki er svo að skilja að við séum alltaf óánægð og ófullnægð, eins og melancholia Dürer ([KLIKK](#)) vill vera láta og margir telji margt af meinsemdum vestræns samfélags sprottið af. Hér hangir meira á spýttunni. Landslag stendur aldrei í stað, veröldin heldur áfram. Það verður til hverju sinni fyrir tilstuðlan aðgreiningarinnar (e. *difference*) hverju sinni. Landslag og fegurð er óræð ([KLIKK](#)), eða eins og Guðbjörg R. Jóhannesdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir segja okkur;

[Hana] er ekki hægt að setja upp í tölfræðilegu línuriti, en það þýðir ekki að ómögulegt sé að taka tillit til landslagsfegurðar í ákvarðanatöku. Með

Edward H. Huijbens

Því að skoða náíð raunverulegar fagurfræðilegar landslagsupplifanir án þeirra fordóma að þessar upplifanir séu algerlega huglægar og afstæðar og þess vegna óáreiðanleg gögn um gildi landslags, er hægt að gera grein fyrir gildi og merkingu landslags. Slík greinargerð getur sagt okkur hvers kyns upplifanir landslagið kallar fram; hvaða hlutlægu eiginleikar skapa hvaða viðbrögð; og hvernig fagurfræðilegar upplifanir og mælikvarðar breytast með tímanum og eru mismunandi eftir menningarheimum.

Hvað landslag kallar fram, hvað skapar hvaða viðbrögð, hvernig viðmið breytast. Áskorun hönnunar og verðandi lífsins er eyðilegging efnisins, eða hvað?

(KLIKK) Hvað er það sem fólk sem kemur til Íslands gerir þegar það reynir að ná áttum á upplifun sinni? Jú það nefnir (KLIKK), það reynir að færa upplifun í orð, lýsa sínu sjónarhorni þar og þá. Vissulega hér innan afar takmarkaðs ramma, sem er hannaður af Íslandsstofu í þessu tilfelli, en hér er viðleitni engu að síður til að reyna að ná utan um heim hughrifa með hugtökum.

En einmitt með því að nefna þá gerum við umhverfi okkar kleift að vera öðruvísi hverju sinni. Til að skilja hvernig það getur átt sér stað þarf að mæta þeim áskorunum sem Elisabeth Grosz (KLIKK) rammur inn fyrir okkur. Hún spyr hvaða vitsmunalega bylting er nauðsynleg til að maðurinn í öllum sínum myndum, einn á meðal fjölda annarra lifandi hluta, eitt afl meðal margra, frekar en markmið og endastöð allrar þekkingar, ekki aðeins í hefðbundnum fræðum heldur líka þverfaglega ... hvenær munu hugvísindi verða óhjákvæmilega tengd náttúruvísindum. Hvenær verðum við barr rokk?

Þessi tenging er nauðsynleg ef okkur er ætlað að skilja hvernig „lífið er ekki það sem fer frá hinu lifandi til hins sem líflaust er, heldur flæðir þeirra í millum, ópersónulegt afl sem herpist og þenst og einkennir alla viðburði, jafnvel þá líflausu rétt eins og lífið sjálft... svo vitnað sé í Grosz. Lífið er þannig tjáning hins efnislega, að hluta tónað við hið efnislega sem ekki breytist, að hluta án breytinga og óumbreytanlegt, eins og skilningur okkar á hinu efnislega er oft ... Lífið bætir ekki lífsneista við hið ólífræna, lífið laðar fram þetta afl sem er með efninu gegnum það að breyta sér og verða.

Upplifun af Íslandi (KLIKK) er þannig ekki óháð ferlum náttúru, né okkar veru þar og þá; eldur og ís hefur vissulega áhrif á hvernig við skýrum landið svo land elds og ísa. (KLIKK) (KLIKK) En eins og Rob Schields segir okkar þá er það ekki nákvæmlega lag landsins sem er áhugavert heldur hvernig það er sett saman, hvernig það sem er inni er aðgreint því sem er utan við hverju sinni.

(KLIKK) Ég held að grannfræðin sé með sínum grunnformum að ná að snerta eilítið á þessu og sanna með hætti stærðfræðinnar. Heimur þar sem það fer eftir hvaða afli er beitt hvar og hvernig stýrir hvernig efnið mótast, hvaða form verður til. (KLIKK) Það er þá ekki eitthvað tiltekið vegakort sem hægt er að fylgja, þar sem rýmið er ekki strikað og einsleitt. Það er hæglega hægt að keyra útaf línunum á þessum formum ef maður gætir sín ekki, en um leið og það gerist þá verður eitthvað nýtt til; ekki svo þó að ég sé að réttlæta hér utanvegaakstur.

(KLIKK) Listamaðurinn M.C. Escher hefur frjalsari hendur en stærðfræðingarnir þegar hann teiknar sýnar myndir af því sem stærðfræðingurinn Ian Stewart

Edward H. Huijbens

kallar Flataraland, þá flatara en hið einvíða kortaplan, eða strikaða rými. Þar verður Ísland gúmmí rými þar sem öll festa hefur löngu verið bönnuð og aðeins samfellan ríkir. Land grannfræðilegra umbreytinga sem beygist og togast og þéttist og dregst sundur og umbreytist, þó aldrei án þess að brotna upp eða slitna í sundur.

Úr hverju mótast þetta allt svo? Hvað er það sem er hið teygjanlega gúmmí rými? Vissulega sýndi Einstein okkur að þetta á við um alheiminn allan, en jörðin er rammi allra þeirra ferla sem beygja og toga og þétta og dragast í sundur og umbreytast með eða án okkar.

(**KLIKK**) Grosz svarar eigin spurningu hvenær hug- og náttúruvísindi geta runnið í eitt þegar hún segir okkur að heimspekin og listir, ásamt hinu alvörugefna systkini; vísindunum, ramma inn óreiðu, hvert á sinn hátt, til að ná fram einhverju samhangandi, samsettu, eðlislægu, sem það notar til að koma skipulagi (en jafnframt óreiðu) á allt ... Listin á þannig ekki uppruna sinn í sköpun fólks, heldur í ofgnótt náttúru, í getu jarðarinnar í að gera hið skynlega yfirþyrmandi ... Jörðinni er óendanlega hægt að deila upp, binda og ramma inn.

(**KLIKK**) Jörðin er frumaflið, það er þar sem við eigum öll heima áður en við tilheyrum ríki, landi eða einhverju landslagi.

Það sem vill svo skemmtilega til er að jörðin er vafalítið stærsta kúlan sem við höfum tök á að eiga við í daglegu lífi. Enda er hún grunnstoð í „kúlufraeðum“ Peter Sloterdijk, sem má orða sem svo að snúist um aðgreiningu og mun án vísan til frumspeki (**KLIKK**). Jörðin er leg okkar, viðfang landmælingarfræði og

Edward H. Huijbens

landfræðingsins góða sem vill ná öllu á blaðið. Á jörðinni er svo fjöldi samfélaga sem hvert um sig myndar umgjörð heimilis okkar en er í engu hægt að skilja að frá jörðinni, né heldur froðunni sem erum við hverju sinni; bólur rammaðar inn af skynfærum okkar.

Jörðin er ekki lengur aðeins mörk þess sem hugur okkar leitar út fyrir, heldur einnig hlutlægt afl skapandi breytinga. Jörðina er ekki hægt að skilja sem hlut, heldur aðeins sem afl breytinga gegnum það að hýsa lífið. Það er okkar að viðhalda þessari sköpun og þessum möguleikum, ekki að láta jörðina drepast í dróma vana og sinnuleysis.

Samfélag okkar eru þeir möguleikar sem við höfum til tenginga hvar og hvenær við erum, byggt á getu okkar skilning og möguleikum hverju sinni. Kúlur sem eru bólur gefa tækifæri til að grafast fyrir um þau tengsl sem við myndum og gegnum hvaða tilsestu kerfum þeim er viðhaldið.

Við erum svo froðan. Hugur og efni, líf og efni, eru ekki andstæður, heldur hafa mismunandi varanleik, mismunandi spennu, ólíkar gerðir afslöppunar, samdráttar, ekki í andstöðu, né samfelld, heldur með ólíkar áherslur, ólík raungering eins og hins sama með ætíð ólíkan varanleik (Grosz, 2011: 46-47). Lífið, efnið og við er þannig ekkert nema hreinn munur án stigveldis, munur án skilgreindra eiginleika eða persónugerðar, munur sem verður til á eigin forsendum og aðeins metin á gegnum félagslega eða náttúrulega óvissu, munur án viðmiðs, án eigin gildis (Grosz, 2011: 167). Hver lífvera er skynbóla – froðubóla sem verður til á forsendum viðtaka skynfæra okkar, hreyfigetu og gerendahæfni okkar – jörðin eins og líkami okkar miðlar honum.

Landslag við núllpunkt

(KLIKK) Þessi eilífa verðandi okkar er viðhald hluta, umbreyting stöðu þess sem er, ferlar sem flækja lífið ... líf sem er verðandi ekki okkar ... varðveisla stöðu okkar sem vera um leið og geta okkar til að vera öðruvísi er staðfest. Froða og rísóm, svipuð hugsun og hugmyndalega skyld. Landslag og það sem sett er fram á myndum er ekkert í sjálfu sér, það er varla að það tákni neitt. Það er farvegur tengsla. Það skýtur ekki rótum í innri veruleika sem er samstofna útlínum þess, heldur breiðir það úr sér um leið og það hefur verið sýnt til annarra hugmynda og myndar yfirborðslega fléttu merkingarætlana eins og Roland Barthes lýsir skrifum við núllpunkt.

Verðandi lífsins er eyðilegging efnisins og áskorun lífsins er því ávallt áskorun hönnunar, það er þess að gera. (KLIKK) Góðir staðir eru hannaðir, gerðir útfrá sýn á umhverfið, mati á sérstöðu og núverandi mannvirkjum, hvaða útfærslur eru mögulegar og hvernig hægt er að tryggja öllum aðgengi.

(KLIKK) Útfærslan og verkefnið byggist á grundvelli upplifunar af umhverfi og reynslu margra. Landslagið sprettur á mörkum holds og heims, eins konar spírun þar sem skýringar okkar, markaðsfærsla og miðlun verður aðeins setlag varanleika, eitt margra. Markaðfærslan er svo samband, tengsl sköpunar og samfélags nútíma, sú umgjörð sem ýtir froðubólum inn í hver aðra.

Eins og Scott Lash lýsir (KLIKK), þá erum við orðin grannfræðilega verur í kúlufraði Sloterdijk, við erum okkar tækni, okkar smekkur okkar lífstíll og vörumerki, okkar bókstaflega rými. Þetta rými er alltaf breytingum undirorpið,

Edward H. Huijbens

alltaf er eitthvað öðruvísi en samt erum við saman, eins og hringir á streng. Líkt og froðan erum við brothætt og alltaf við það að springa ... þetta er ímynd ofgnóttar sem einmitt rekur áfram fjölmiðlun og neyslumenningu samtímans, sem og ferðapjónustu sem er ekkert nema birting nútíma neyslusamfélags.

Við þurfum að vera meðvituð um þau öfl sem reka umbreytingar áfram, hvað það er sem við erum þátttakendur í hverju sinni, við þurfum að vera klædd í það vegakort sem gerir okkur kleift að keyra útaf, en vita samt hvert það gæti leitt okkur. Það er alltaf allskonar óreiða sem seytlar í gegn og veldur svelgjandi hreyfingu þessara setlaga og heldur þeim eilíflega opnum. Undir hverri birtingarmynd landslags liggur því tilvistarleg jarðfræði, núllstig eða pandórubox sem allir möguleikar spretta úr.

(**KLIKK**) Með upphaf í tómarúmi, þar sem hugsunin virtist spretta áreynslulaust upp í búningi orðanna, hefur skriftin þannig farið í gegnum öll stig storknunar: Fyrst hlutur til að horfa á, síðan viðfang athafnar og loks morðs, og hefur nú komið fram í nýrri birtingarmynd, fjarverunni, segir Roland Barthes okkur um skrift.

Tilfellið er að með því að nefna og hanna – skrifa landslag getum við stækkað heiminn með nýjum hugmyndum og skynhrifum, upplifunum og verðandi, en upplifunin verður ekki til í litbrigðum, formum og römmum landslagsins, hún er litbrigðin, formið og ramminn, þau eru fjarverandi sem óhlutbundið annað. Að skynja er þannig hreyfiafl, ekki innra með okkur né dregið af því sem við snertum eða skynjum. Að skilja þetta hreyfiafl í ljósi þess hvað það getur, gefur

Edward H. Huijbens

okkur færi á að leggja mat á hverjir það eru sem verða fyrir því og hvernig til framtíðar. Þar erum við ekkert í öndvegi.

Það sem þetta þýðir fyrir ferðapjónustu err að í stað viðmiða árangurs sem snúa að fjölda eða veltu þarf að horfa til þess hvernig ferðapjónusta eflir samfélag heimafólks og með hvaða hætti. Hagsmunaaðilar í ferðapjónustu ættu þannig að spyrja sig hvaða uppbygging eflir möguleika samfélaga á því að verða og virkja eigið hreyfiafl, það er hvernig ferðapjónustu þarf að hugsa sem ylrækt samfélaga.